

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Undirhlíðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. nóvember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að afmarkað er um 193 ha svæði í Undirhlíðum sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota og efnistökusvæði. Fellur hluti svæðisins innan marka Reykjanesfólkvangs. Skilgreind eru þrjú hverfisverndarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 6. nóvember 2006.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*